

## REGLUGERÐ

### um fjárhæðir greiðslna fyrir árið 2021 samkvæmt lögum um réttindi lifandi líffæragjafa til tímabundinnar fjárhagsaðstoðar.

#### 1. gr.

Fjárhæðir greiðslna samkvæmt lögum nr. 40/2009, um réttindi lifandi líffæragjafa til tímabundinnar fjárhagsaðstoðar, skulu vera sem hér segir fyrir árið 2021:

- a. Hámarksfjárhæð tekjutengdra greiðslna skv. 1. másl. 3. mgr. 10. gr. skal nema 814.620 kr. á mánuði.
- b. Lágmarksfjárhæð tekjutengdra greiðslna skv. 2. másl. 3. mgr. 10. gr. skal nema 211.374 kr. á mánuði.
- c. Fjárhæð greiðslna til líffæragjafa í námi skv. 1. mgr. 15. gr. skal nema 211.374 kr. á mánuði.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 18. gr., sbr. 8. mgr. 10. gr. og 3. mgr. 15. gr., laga nr. 40/2009, um réttindi lifandi líffæragjafa til tímabundinnar fjárhagsaðstoðar, öðlast gildi 1. janúar 2021. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 1127/2019, um fjárhæðir greiðslna fyrir árið 2020 samkvæmt lögum um réttindi lifandi líffæragjafa til tímabundinnar fjárhagsaðstoðar.

*Félagsmálaráðuneytinu, 21. desember 2020.*

**Ásmundur Einar Daðason.**

\_\_\_\_\_  
*Gunnhildur Gunnarsdóttir.*